**STJÓRNARFUNDUR Í NESKIRKJU**
**MÁNUDAGINN 20. FEBRÚAR 2017**

Mættir eru Ása Laufey, Eva Björk, Guðmundur Karl, Þórunn og Jónína Sif framkvæmdastjóri.

Fundur settur kl. 14:00

**Kirkjuþing unga fólksins:**
Búið að ræða við nokkra áhugasama. Ása Laufey er að hugsa málið og Kristján Ágúst ÆSKR er til í að stökkva inn.

**Aðalfundur:**
Þurfum að auglýsa fundinn betur.

Jónína Sif er að vinna að skýrslum fyrir fundinn. Stjórnin fer yfir þau atriði sem þurfa að koma fram í skýrslunum. Eins og Verndum þau sem þarf nú að halda fyrir austan og öll þau verkefni sem hafa verið framkvæmd síðastliðið ár. Ákveðið að ræða þurfi sérstaklega Gaypride atriðið okkar á fundinum. T.d stór kross eða gervi kollar.

Ákveðið að bjóða upp á smáhamborgara frá Hamborgarafabrikunni.

Kjósa þarf formann til tveggja ára. Ritara til eins árs, gjaldkera til tveggja ára, varamenn til eins árs.

Fundarstjóri verður Daníel Ágúst Gautason.

**Landsmót**

Stjórnin vill athuga með að finna tengingu við siðbótarafmælið á Landsmóti 2017.

Ferðasjóður fyrir landsmót: þeir sem þurfa að ferðast meira en 150km geta óskað eftir að fá ferðastyrk.

Umræður um rútumál. Ábyrgðin á fararkosti myndi þá færast frá stjórn æskþ yfir á félögin sjálf en stjórnin hefur ítrekað fengið ábendingar um dapran kost á rútuvali.

Tillaga rædd að taka upp afsláttarkerfi vegna skráningar á mótið. Ef skráð sé fyrir ákveðna dagsetning þá fær það félag einhvern afslátt.

**Önnur mál:**
Stjórnin hefur fengið fréttir af því að til standi að stofna Æskulýðssamband Kjalarnesprófastdæmis og fagnar því.